



# Öndunarfærasýkingar


## Vika 7

12. – 18. febrúar 2024

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

### COVID-19 (SARS-CoV-2)

Fá tilfelli af COVID-19 greinast þessa dagana. Í sjöundu viku ársins 2024 greindust níu einstaklingar með COVID-19 (með PCR-prófi eða klínískri greiningu). Hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var tæp 3% í viku 7 (mynd 1).




**Mynd 1.** Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annaðhvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda prófa (hægri ás) veturinn 2023–2024 (frá viku 35 2023, um mánaðamótin ágúst–september).


### Inflúensa

Inflúensa er enn í dreifingu. Greiningum á **staðfestri inflúensu** (greining með PCR-prófi) fór fjölgandi á ný í lok janúar eftir að hafa farið fækkandi frá áramótum. Í sjöundu viku ársins 2024 greindust 42 einstaklingar með staðfesta inflúensu (mynd 2). Af þeim voru 23 einstaklingar með inflúensustofn A(H1)pdm09, 16 með inflúensustofn A(H3) og þrír með inflúensustofn B.

**Klínískum greiningum** á inflúensu eða „flensu“ (greiningar læknis án rannsóknar með PCR-prófi) hefur fjölgað á ný eftir að hafa fækkað frá upphafi árs. Í viku 7 greindust 46 einstaklingar með inflúensulík einkenni sem er sambærilegur fjöldi og greindist í viku 1 (mynd 3).




**Mynd 2.** Fjöldi einstaklinga með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfalli af inflúensu.



**Mynd 3.** Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum veturinn 2023–2024.

## RSV og aðrar öndunarfærasýkingar

Greiningum á **RS-veirusýkingu (RSV)** fer áfram fækkandi. Í viku 7 greindust 7 einstaklingar með RSV (mynd 4), þar af fjögur börn undir eins árs aldri. Af öndunarfæraveirum, öðrum en influensu og RSV, hefur fjöldinn verið svipaður undanfarnar vikur en í viku 7 greindust flestir með aðrar tegundir kórónuveira en SARS-CoV-2, og parainflúensu. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má hér á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#) (undir veirugreiningar).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga veturinn 2023–2024.

## Mislingar og hettusótt

Í viku 5 árið 2024 **greindist eitt tilfelli af mislingum**, það fyrsta hér á landi síðan árið 2019. Ekki hefur greinst annað tilfelli þegar þetta er birt. Þeir sem eru óbólusettir fyrir mislingum eða hafa ekki fengið mislinga eru í áhættu fyrir smiti og mislingum geta fylgt alvarleg veikindi og fylgikvillar. Bólusetning gegn mislingum er örugg og veitir langtímavörn gegn sjúkdómnum. Bólusettir geta smitast en þá eru veikindi venjulega væg. Þau sem fá mislinga fá sjúkdóminn aðeins einu sinni. Sjá frekari upplýsingar um mislinga á [vef embættis landlæknis](#). Þeir sem hyggja á ferðalög erlendis á næstunni er ráðlagt að huga að bólusetningarstöðu sinni og barna sinna vegna mislinga. Sjá [frétt á vef embættis landlæknis um fjölgun mislingatilfella í Evrópu](#).

Í viku 5 **greindist einnig eitt tilfelli af hettusótt**, það fyrsta hérlendis síðan árið 2020. Viðkomandi var ekki með skráða bólusetningu. Í viku 7 **greindust þrjú tilfelli til viðbótar**, þar á meðal tvö bólusett ungmenni. Öll höfðu haft nán samskipti við fyrsta tilfellið. Hettusótt er bráð og mjög smitandi veirusýking sem leggst oftast á börn en fullorðna. Veikindi eru yfirleitt ekki mikil og ganga oftast fljótt yfir en sýkingin getur valdið alvarlegum fylgikvillum sérstaklega hjá unglíngum og fullorðnum. Einstaklingar sem eru óbólusettir eða hafa ekki fengið hettusótt áður geta smitast af hettusótt. Bólusettir geta smitast en það er sjaldgæfara. Þau sem fá hettusótt fá hana yfirleitt aðeins einu sinni á ævinni. Bólusetning gegn hettusótt er skilvirkasta vörnin og

dregur úr alvarlegum veikindum og fylgikvillum ef einstaklingur smitast. Sjá frekari upplýsingar um hettusótt á [vef embættis landlæknis](#).


Hægt er að fá frekari upplýsingar varðandi bólusetningar hjá heilsugæslu, á netspjalli Heilsuveru eða hringja í símanúmerið 1700.

Ekki er mælt með bólusetningu MMR bólusetningu (gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum) fyrir þá sem eru fæddir fyrir 1970 en almennar frábendingar eru:

- Börn yngri en 6 mánaða gömul.
- Barnshafandi einstaklingar.
- Ónæmisbældir einstaklingar – ef vafi þá þarf að ráðfæra sig við sinn lækni.
- Gelatínofnæmi.
- Þau sem eru þegar bólusett með 2 skömmtum af mislingabóluefni og starfa ekki í bráðaheilbrigðisþjónustu.

## Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi einstaklinga sem greinist með öndunarfæraveirusýkingu í eða við innlögn á Landspítala í viku hverri hefur fækkað frá áramótum. En í viku 7 voru 33 einstaklingar innliggjandi með eina af þeim sex algengustu öndunarfæraveirusýkingunum, heldur fleiri en undanfarnar fjórar vikur. Af þeim voru 20 manns með influensu, þar af yfir helmingur einstaklingar á aldrinum 15–64 ára. Þrír greindust með COVID-19, þar af tveir einstaklingar 65 ára eða eldri. Tveir einstaklingar greindust með RSV, þar af eitt barn undir eins árs aldri (mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasykingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

## Samantekt

Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarferaveirusýkingar á Landspítala fjölgaði í síðustu viku. Fjöldi inflúensugreininga hefur aukist aðeins að nýju en fjöldi greininga á COVID-19 og RSV hefur hins vegar farið stöðugt fækkandi frá áramótum. Langflest greind tilfelli af inflúensu þennan veturinn hafa, enn sem komið er, verið af inflúensustofni A. Bæði mislingar og hettusótt hafa borist til landsins nýverið. Ekki er útséð enn um frekari útbreiðslu frá þessum tilfellum. Bólusetningarátak er yfirstandandi hjá heilsugæslunni til að draga úr áhrifum beggja atvika, fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu.

## Staðan í Evrópu

Enn er mikið um inflúensu í Evrópu samanborið við COVID-19 og RSV. Mest greinist af inflúensustofni A(H1N1)pdm09. Fjöldi greininga á COVID-19 er á niðurlæið eða í lágmarki í flestum löndum. RSV greiningar eru almennt á niðurlæið en greiningum fjölgar í einhverjum löndum. Í vetur hefur borið á **aukningu á greindum öndunarferasýkingum af völdum bakteríunnar *Mycoplasma pneumoniae***.

Greiningar á mislingum **jukust margfalt í Evrópu á árinu 2023** eftir fækkun tilfella á tímum COVID-19 faraldursins. Flest tilfelli voru meðal barna yngri en 5 ára. Stórar hópsýkingar hafa brotist út, m.a. í Bretlandi, Austurríki, Rúmeníu og Frakklandi en í flestum þessum löndum er bólusetningarþátttaka undir 95% markmiðinu. Meirihluti smitaðra var óbólusettur (75%) en hins vegar var bólusetningarstaða margra fullorðinna óþekkt. Í flestum löndum eru börn yngri en 12 mánaða ekki bólusett við mislingum. **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)** hefur vakið athygli á aukningu mislinga í heiminum. Sjá einnig frekari upplýsingar um stöðuna í Evrópu á **vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC)**. Búist er við áframhaldandi dreifingu mislinga í Evrópu árið 2024 en mislingar eru líklegastir til að vera í dreifingu síðla veturs og á vorin.

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra.

Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningar.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

